
F U N D A R G E R ð

Fundur:	Raforkuhópur 2009-02
Fundartími:	Föstudagur 6. mars 2008 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Notkunarflokkar raforku 2008. 3) Aflþörf raforkukerfisins 2008. 4) Almennar forsendur. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Íris Baldursdóttir
Ívar Þorsteinsson
Ásgeir Sigtryggsson

EFLA:

Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Fjarverandi:

Pétur E. Þórðarson
Gunnar Aðalsteinsson
Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð
Sigurður Ágústsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) JV fór yfir töflur með raforkunotkun ársins 2008 eftir notkunarflokkum. Gögn eru komin frá öllum veitunum og búið er að koma þeim inn í gagnagrunn orkuspárnefndar. Ennþá geta þó komið einhverjar lagfæringar. Gögnin eru því nú tilbúin mun fyrr en undanfarin ár. JV benti á að töp í kerfinu auk eigin notkunar í virkjunum væru um 830 GWh. Töpin í kerfi OR eru fremur lítil þriðja árið í röð og spurning væri hvort kerfisvilla væri í gögnunum eða hvort töpin hafi farið minnkandi. ÁS taldi að á Suðurnesjum væu raðir með sölu á virkjanasvæðum inni í tölunum um innmötun. IB/JV munu skoða það.
- 3) IB sýndi nokkrar myndir um álag á raforkukerfið á síðasta ári og reiknuð töp klukkutíma fyrir klukkutíma. Hann sagði að mest öll aflgögnin væru komin en þó væri eftir að ganga frá virkjunum HS og OR. Hann benti á að tveir hæstu topparnir í töpunum virtust koma fram vegna þess að villur væru í gögnum en þriðji hæsti toppurinn virtist vera réttur. ÁS taldi að búið væri að lagfæra þessar villur. Íris benti á að skv. myndunum hefðu

hlutfallsleg töp heldur farið minnkandi fram eftir síðasta ári sem gæti verið í samræmi við þróun vinnslu og notkunar á Austurlandi. Íris bað IB um að senda sér þessar myndir.

- 4) JV sagði að miðað hafi verið við að raforkuspá komi út á um 5 ára fresti og þá ætti næsta spá að koma út árið 2010. Sundurgreining gagna hjá Hagstofunni hefur breyst á undanförunum árum en almennu forsendunum hefur ekki verið breytt til samræmis. Hann lagði því til að á þessu ári yrðu almennu forsendurnar samræmdar núverandi gagnavinnslu Hagstofu Íslands og var það samþykkt.
- 5) JV sýndi tvær myndir úr almennu forsendunum varðandi húsrými þar sem hann hafði bætt inn árinu 2008. Hann benti á að í þrjú ár hefði aukning íbúðarhúsnæðis verið mikil og er árleg aukning um 2,6 föld aukningin sem var á árunum 1984-1998. Mikil aukning var í atvinnuhúsnæði á árinu 2008 og innan þess flokks var aukning í verslunar og skrifstofuhúsnæði 19% á árinu eða helmingur af aukningu atvinnuhúsnæðis. Íris lagði til að settar yrðu inn töflur um inn og útmötun frá Landsenti í skýrslu um endurreikning og var það samþykkt. Einnig vildi hún að í töflum í viðauka 4 yrði Akureyri skipt í tvennt (132 kV og 66 kV) auk þess sem stöðin væri sögð Rangárvellir eins og hún heitir. JV sagði að villa hefði verið á viðauka 4 fyrir Ísafjörð í töflu um heildarálag á mesta álagstíma. Í ljós hefði komið að engin notkun var í ótryggðri orku þar þegar landstoppur kom 2007 og síðan hefði gleymst að bæta við ótryggðu orkunni á spátímanum í þessa töflu. Aðrar töflur voru í lagi fyrir Ísafjörð.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 7. apríl 2008.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinnt:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflum um raforkunotkun eftir notkunarflokkum á árinu 2008.
- Myndir um álag á kerfið 2008 og töp.
- Myndir 12.1 og 12.4 um húsrými í almennum forsendum orkuspáa.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
--------	----------

Ívar	Kröfur um gagnaskil vinnslufyrirtækja
Ingvar/Jón	Athuga hvort notkun á vinnslusvæðum HS sé inni í innmötunarröðum
Ingvar	Senda Írisi myndir um álag og töp á síðasta ári.
Jón	Samræma almennar forsendur núverandi skilgreiningum hjá Hagstofu Íslands.
Ingvar	Ný tafla í endurreiknaða spá um inn og útmötun frá Landsneti.
Ingvar	Skipta Akureyri í tvennt í töflum í viðauka 4 og kalla stöðina Rangárvelli.